Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, miðvikudaginn 10. september 2025 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Jóhannes B. Sigtryggsson og Þórður Sævar Jónsson. Anna Sigríður Þráinsdóttir og Eva María Jónsdóttir mættu ekki. Guðrún C. Emilsdóttir boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málræktarþing: dagskrá og viðurkenningar

Málræktarþing verður haldið í Eddu fimmtudaginn 25. september kl. 15. Dagskrá málræktarþingsins verður svo:

Kl. 15.00 Logi Einarsson: Ávarp
Kl. 15.10 Jóhannes B. Sigtryggsson les ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2025.
Kl. 15.20 Helga Guðrún Bjarnadóttir: Laga- og reglugerðarákvæði um notkun þjóðtungna og opinberra mála í 15 Evrópulöndum
Kl. 15.30 Þórunn Anna Árnadóttir: „Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku.“
Kl. 15.40 Rannveig Sverrisdóttir: Tvær málnefndir: Íslenskt táknmál og stjórnsýslan.
Kl. 15.50 Bragi Valdimar Skúlason: Frábær upplifun!
Kl. 16.00 Magnea Matthíasdóttir: Þegar lamb verður geit
Kl. 16.10 Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar afhentar.
Kl. 16.20 Léttar veitingar.

Mjólkursamsalan hefur hannað auglýsingu fyrir málræktarþingið og mun einnig kosta heilsíðuauglýsingu í dagblaði daginn sem málræktarþingið verður haldið.

Umræður um það hverjir skuli hljóta viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2025.

2) Ályktun um stöðu íslenskrar tungu

Ályktun um stöðu tungunnar 2025 ber yfirskriftina Íslensk tunga og stjórnsýslan.

3) Önnur mál

Komið er að endurnýjun samstarfssamnings milli Íslenskrar málnefndar og Árnastofnunar. Formaður mun leggja fram tillögu að nýjum samningi.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 16.30

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.